

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um leyfilegan meðafla botnfisks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks, sem ekki reiknast til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu, hefur borist á land frá því að núgildandi reglur tóku gildi 1. febrúar 2002?*
2. *Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?*
3. *Hvernig hefur aflinn flokkast eftir fiskstærðum hvernar tegundar?*
4. *Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?*
5. *Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?*
6. *Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land og hverjar eru tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar frá sama tíma?*

Svar við 1. lið kemur fram í töflu 1. Alls hefur verið landað 3.071.896 kg botnfisks sem leyfilegum meðafla síðan 1. febrúar 2002, þegar reglur tóku gildi um leyfilegan meðafla botnfisks, sbr. bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (hér eftir kallaður „Hafróaflí“). Við þetta magn verður að hafa þann fyrirvara að eftir er að leiðrétta afla fiskveiðiársins 2002/2003 sem skráður hefur verið sem „Hafróaflí“ umfram það sem heimilt er. Samkvæmt bráðabirgðatölum í dag var þessi umframafli nýliðins fiskveiðiárs 41.668 kg.

Tafla 1 sýnir tegundaskiptingu „Hafróaflans“ sem óskað er eftir upplýsingum um í 2. lið.

Í 3. lið er spurt um stærðarflokkun „Hafróaflans“. Ekki er lengur í opinberri söfnun upplýsinga um afla gert ráð fyrir söfnun og skráningu upplýsinga um stærðarflokkun afla. Hins vegar er það skilyrði til að skrá landaðan afla sem „Hafróafla“ að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði. Íslenskir fiskmarkaðir stærðarflokka afla að einhverju marki.

Tafla 1 sýnir skiptingu „Hafróaflans“ eftir veiðarfærum sem óskað er eftir upplýsingum um í 4. lið.

Varðandi svar við 5. lið þá eru í gagnagrunni Fiskistofu tiltækar upplýsingar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum til loka fiskveiðiársins 2002/2003, sbr. töflu 2. Þessar skýrslur, sem koma frá kaupendum aflans, veita upplýsingar um magn og verðmæti afla. Samanburði og samræmingu þessara upplýsinga við upplýsingar frá löndunarhöfnum um afla fiskveiðiársins 2002/2003 er ekki endanlega lokið. Þess vegna er ekki fullt samræmi milli magns „Hafróafla“ samkvæmt þessum skýrslum og magns aflans samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum sem vísað er til að framan. Litlu skeikar þó eða 1.502 kg. Samkvæmt vigtar- og ráðstöfunarskýrslum var verðmæti „Hafróaflans“ á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst 2003 (aflamarkstegunda) 298 millj. kr.

Í 6. lið er spurt um heildarverðmæti sem hafa borist á land og tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar. Heildaraflaverðmæti íslenskra skipa á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst

2003 er 120.756 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðatölum unnum úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum, sbr. 5. lið. Fiskistofu er ekki kunnugt um tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar en í bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990 segir um meðferð andvirðis „Hafróaflans“ eftir uppboð: „Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.“

**Tafla 1. „Hafróafli“ eftir fisktegundum per veiðarfæri
1. febrúar 2002–u.þ.b. 15. október 2003.**

Magn í kg óslægt, samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum. – Bráðabirgðatölur.
(Fiskistofa 22. október 2003.)

| | | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 9 | 14 | 22 |
|-----|--------------------------------|------------------|----------------|---------------|---------------------|---------------|---------------|-----------------|------------------|------------------------------|
| Nr. | Veiðarfæri | Þorskur | Ýsa | Ufsi | Karfi/ Gullkarfi | Langa | Keila | Stein- bítur | Skötus- selur | Grálúða/ Svarta spraka |
| 1 | Lína | 184.701 | 92.875 | 2.813 | 15.891 | 5.136 | 21.616 | 1.129 | 41 | 136 |
| 2 | Net | 1.162.199 | 38.325 | 52.725 | 5.518 | 8.972 | 1.345 | 1.757 | 3.983 | 4 |
| 3 | Handfæri | 4.950 | 770 | 351 | 2.457 | 422 | 38 | 13 | | |
| 5 | Dragnót 135 mm | 614.444 | 192.060 | 25.647 | 3.748 | 133 | 115 | 3.794 | 2.753 | 25 |
| 6 | Botnvarpa | 37.646 | 251.311 | 17.124 | 68.163 | 43 | 31 | 1.256 | 12 | |
| 9 | Humarvarpa | 9.761 | 15.398 | 583 | 479 | 1.519 | 15 | 22 | 77 | |
| 14 | Rækjuvarpa | 1.348 | 125 | | 183 | | | | | |
| 21 | Síldar-/kolmunna- flotvarpa | 696 | | | | | | | | |
| 25 | Grásleppunet | 7.039 | 86 | 21 | | | | 64 | 3 | |
| 29 | Rauðmaganet | 1.142 | | | | | | | | |
| | Samtals | 2.023.926 | 590.950 | 99.264 | 96.439 | 16.225 | 23.160 | 8.035 | 6.869 | 165 |

| | | 23 | 24 | 25 | 27 | 28 | 40 | 61 | |
|-----|--------------------------------|----------------|------------------------|---------------|---------------|-----------------|---------------------------|----------------|------------------|
| Nr. | Veiðarfæri | Skarkoli | Þykkvalúra/ Sólkoli | Lang- lúra | Sand- koli | Skráp- flúra | Humar/ Letur- humar | Djúp- karfi | Samtals |
| 1 | Lína | 1.852 | 2 | 26 | 5 | | | | 326.223 |
| 2 | Net | 17.750 | 119 | 1 | 116 | | | | 1.292.814 |
| 3 | Handfæri | | | | | | | | 9.001 |
| 5 | Dragnót 135 mm | 67.655 | 16 | 5.846 | 211 | 3.272 | | | 919.719 |
| 6 | Botnvarpa | 23.063 | 494 | 113 | 1.223 | 791 | | 72.457 | 473.727 |
| 9 | Humarvarpa | 74 | 9 | 2.621 | 73 | 1.075 | 504 | | 32.210 |
| 14 | Rækjuvarpa | | | | | | | | 1.656 |
| 21 | Síldar-/kolmunna- flotvarpa | | | | | | | | 696 |
| 25 | Grásleppunet | 7.489 | 6 | | | | | | 14.708 |
| 29 | Rauðmaganet | | | | | | | | 1.142 |
| | Samtals | 117.883 | 646 | 8.607 | 1.628 | 5.138 | 504 | 72.457 | 3.071.896 |

Tafla 2. Verðmæti „Hafróafla“, 1.2.2002–31.8.2003.

Tölurnar miðast við kg afla upp úr sjó og þús. kr. – Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur.
(Fiskistofa 23. október 2003.)

| Teg. nr. | Fisktegund | Afli úr sjó (kg) | Verðmæti (þús. kr.) |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------------|----------------------------|
| 1 | Þorskur | 1.934.676 | 228.544 |
| 2 | Ýsa | 576.911 | 38.384 |
| 3 | Ufsi | 98.371 | 3.678 |
| 4 | Lýsa | 885 | 10 |
| 5 | Gullkarfi | 120.883 | 6.243 |
| 6 | Langa | 14.716 | 983 |
| 7 | Blálanga | 118 | 5 |
| 8 | Keila | 21.563 | 1.238 |
| 9 | Steinbítur | 7.508 | 687 |
| 12 | Tindaskata | 1.267 | 12 |
| 13 | Hlýri | 56 | 6 |
| 14 | Skötuselur | 5.730 | 904 |
| 15 | Skata | 99 | 10 |
| 20 | Ósundurliðað | 642 | 77 |
| 21 | Lúða | 334 | 73 |
| 22 | Grálúða | 29 | 4 |
| 23 | Skarkoli | 107.942 | 14.806 |
| 24 | Sólkoli | 624 | 111 |
| 25 | Langlúra | 8.568 | 464 |
| 26 | Öfugkjafta | 278 | 11 |
| 27 | Sandkoli | 1.664 | 40 |
| 28 | Skráþflúra | 5.638 | 103 |
| 30 | Síld | 239 | 5 |
| 40 | Humar | 418 | 30 |
| 48 | Hrognkelsi | 1.800 | 91 |
| 60 | Litli karfi | 1.307 | 13 |
| 61 | Djúpkarfi | 37.289 | 1.748 |
| | Samtals | 2.949.555 | 298.281 |
| Aflamarkstegundir: | | 2.942.530 | 297.969 |
| Aflamarkstegundir skv. Lóðs: | | 2.944.032 | |
| Mism. | | 1.502 | |